

Fimmtudaginn 7. mars 1996.

Nr. 348/1994.

Una Guðlaugsdóttir

(Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.)

gegn

Vátryggingafélagi Íslands hf.

(Hákon Árnason hrl.)

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Arnljótur Björnsson og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 9. ágúst 1994 og krefst þess aðallega, að héraðsdómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar. Til vara er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða 1.868.049 krónur ásamt nánar tilgreindum vöxtum frá 11. maí 1992 til 1. september 1992, en með dráttarvöxtum samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Auk þess krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess aðallega, að ómerkingar- og heimvísunarkröfu verði hrundið og héraðsdómur verði staðfestur, en til vara, að kröfur áfrýjanda verði lækkaðar. Einnig krefst stefndi málskostnaðar í Hæstarétti.

Samkvæmt 2. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála skal aðalniðurstaða máls dregin saman í dómsorði, svo sem sýkna, ef sýknað er af öllum efniskröfum, kröfur stefnanda, sem teknar eru til greina, o. s. frv. Mál þetta höfðaði áfrýjandi til heimtu vátryggingarþóta úr hendi stefnda, sem að hluta til féllst á kröfur áfrýjanda.

Í héraðsdómi er stefndi sýknaður af kröfum áfrýjanda gegn tiltekinni greiðslu, án þess að kveðið sé á um, hvaða vexti sú fjárhæð beri, heldur látið við það sitja að vísa til vaxtafótar, sem á sér ekki beina stoð í settum lögum. Þá er málskostnaður látinn falla niður, en þess í stað mælt fyrir um tilkall áfrýjanda til innheimtulauna samkvæmt ótilgreindri gjaldskrá. Samkvæmt þessu kvað héraðsdómari í dómsorði ekki á um skyldu, sem gæti orðið grundvöllur aðfarar til fullnustu á dómskuld áfrýjanda.

Þegar litið er til þess, sem hér hefur verið rakið, eru slíkir ann-
markar á hinum áfrýjaða dómi, að ekki verður hjá því komist að
ómerkja hann og vísa málinu heim í hérað til munnlegs máflutnings
og dómsálagningar að nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli
niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað
heim í hérað til munnlegs máflutnings og dómsálagningar að
nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.
